

G J A L D S K R Á

254

17. n.óv.

yfir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast.

Samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast, skulu vera sem hér segir:

I. Jarðvegsrannsóknir:

Sýrustig jarðvegs kr. 20.00 fyrir sýnishorn.

— — — 15.00 fyrir hvert sýnishorn, þegar fleiri en 5 sýnishorn eru send í einu af sama aðila.

II. Skordýrarannsóknir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Skordýr og önnur meindýr ákvörðuð til dýraflokks eða tegundar | kr. 10.00—50.00 |
| 2. Rannsókn á matvælum, plöntum og fleiri vörum (hvort meindýr séu í þeim eða ekki): | |
| a. Smásendingar | — 25.00 |
| b. Húsgögn eða stærri sendingar | — 50.00 |
| c. Einstakar plöntur | — 20.00 |
| 3. Mat á vöru, hvort nothæf sé til neyzlu eða ekki, vegna skemmda af völdum meindýra | — 25.00—100.00 |

III. Jurtasjúkdómarannsóknir:

Ákvörðun sjúkdóms á aðsendu sýnishorni

— 25.00

IV. Skoðun á vöru, þegar heilbrigðisvottorð vantar (sbr. reglugerð með innflutning plantna o. fl.)

— 25.00—100.00

2. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. miðast við, að rannsókn fari fram í Atvinnudeild Háskólans. Verði skoðun á vöru, gróðri o. s. frv. að fara fram utan Atvinnudeildar, skal reikna útlagðan ferðakostnað og kaup sérfræðings.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. nóvember 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.